

Reglur um heimgreiðslur

Greiðslurnar eru fyrir foreldra barna á aldrinum 12–24 mánaða sem ekki eru í leikskóla eða hlutagreiðsla fyrir börn sem ekki eru í fullri vistun.

Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili í Rangárþingi ytra. Við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

Heimgreiðsla er 100% fyrir barn sem ekki er á leikskóla. Heimgreiðsla er 50% fyrir barn sem er í 20 klst. vistun á viku og 25% fyrir barn sem er í 21–30 klst. vistun á viku. Heimgreiðsla fellur niður þegar vistun fer yfir 30 klst. á viku.

Upphæð heimgreiðslu er kr. 125.000 á mánuði fyrir hvert barn.

Umsókn þarf að berast fyrir 1. dag mánaðar sem greiðslur eiga að hefjast. Heimgreiðslur eru greiddar eftirá, síðasta virka dag mánaðar.

Greiðslur hefjast í fyrsta lagi þann dag sem barn hefur náð tilskildum aldri og lýkur daginn sem barn hefur náð 24 mánaða aldri eða þann dag sem leikskólaganga hefst eða fer yfir 30 klst. á viku.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Rangárþing ytra sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2025.